



## Ársskýrsla Deildar Hjúkrunarfræðinga í Vestmannaeyjum

starfsárið mars 2018 - apríl 2019

---

### Félagafjöldi: 44

**Stjórn fagdeildar á starfsárinu:** Hildur Björk Bjarkadóttir formaður, Ásta Gústafsdóttir gjaldkeri, Guðrún María Þorsteinsdóttir ritari, Una Sigríður Ásmundsdóttir meðstjórnandi, Þóra Þorleifsdóttir meðstjórnandi

**Stjórn fagdeildar á næsta starfsári** (ný stjórn ef um breytingar er að ræða): Sama stjórn

**Félagsgjald:** Hefur verið 3000 kr, ákveðið að hækka í 3500,- kr. Á aðalfundi 28.03.2019.

**Stjórnarfundir:** 5

### Innlend starfsemi:

Bólusetningar í fyrirtækjum í haust.

Guðbjörg Pálsdóttir var fengin til okkar á vegum félagsins til að halda námskeið um sár og sárameðferð.

Haldinn Jólafundur í lok nóvember, félagið gaf félagsmönnum jólagjöf auk þess sem við vorum með hefðbundin pakkaskipti.

Eftir áramótin fórum við að huga að heilsufarsmælingum og höfum við endurnýjað töluvert tækjabúnað í tengslum við það; keypt nýjan blóðþrýstingsmæli, súrefnismettunarmæli og vigt, auk þess sem apótekið gaf okkur blóðsykursmæli. Einnig er verið að endurnýja og endurskipuleggja hvernig við skilum niðurstöðum frá okkur og er heilsufarskortið væntanlegt á næstu dögum úr prentun.

*Ef Innlendir styrkur frá Fíh þá skal geta þess og í hvað hann var notaður.* Fengum styrk að upphæð 300.000 kr frá Fíh. Styrkurinn var notaður til að greiða fyrir námskeið um sár og sárameðferð, ferða- og gistikostnað í tengslum við það. Einnig nýttur til að endurnýja og kaupa tækjabúnað vegna heilsufarsmælinga og til að borga fyrir mat á jólafundi og aðalfundi félagsins á tímabilinu.

Starf nefnda innan fagdeilda t.d. Fræðslunefnda:

Ferðanefnd skipuleggur helgarferð til Hamborgar nú í Apríl (Arna Hrund og Guðrún María)

Florence nefnd skipuleggur Florence daginn í Maí (Aníta Á, Arna Huld og Thelma T.)

Skipuð nefnd til að skipuleggja hvernig við ætlum að vera sýnilegar í samfélaginu á næstu mánuðum í tengslum við 100 ára afmælisár Fíh. (Arna Hrund, Arna Hlín og Ragnheiður Perla).

Starf sjóða t.d. styrktarsjóða. Hverjir fengu styrk, í hvað og upphæð.  
Á ekki við.

### **Erlent samstarf**

Norrænt samstarf, eftir því sem við á. Á ekki við

Evrópskt samstarf, eftir því sem við á. Á ekki við.

Alþjóðlegt samstarf, eftir því sem við á. Á ekki við.

29. mars 2019

Guðrún María Þorsteinsdóttir, ritari fyrir hönd stjórnar.